

Lög félagsins

Samþykktir Hestamannafélagsins Skagfirðings

1.gr.

Félagið heitir Hestamannafélagið Skagfirðingur. Heimili þess og varnarþing er í Skagafirði og er félagssvæðið Skagafjarðarsýsla.

2. gr.

Markmið félagsins er að efla áhuga á hestum og hestaípróttum, gæta hagsmuna hestamennskunar á félagssvæðinu, stuðla að góðri meðferð hesta og gæta hagsmuna félagsmanna.

Í samræmi við ofangreind markmið hyggst félagið vinna að eftirfarandi verkefnum:

1. Að reiðvegir séu gerðir sem víðast og þannig, að önnur umferð verði til sem minnstrar hindrunar og óþæginda. Reiðvegum þessum sé ávallt haldið við eins vel og efni og aðstæður leyfa.
2. Að byggja upp nauðsynleg mannvirki vegna starfsemi félagsins.
3. Að halda mannvirkjum í eigu félagsins í sem bestu ástandi og tryggja góða aðstöðu fyrir mótahald og hvers konar hestaípróttir.
4. Að halda góðhestakeppni, ípróttamót, kappreiðar og sýningar ásamt því að leggja hrossarækt lið svo sem kostur er.
5. Að vinna að því, að flutt sé á vegum félagsins fræðsluerindi um hestaípróttir, hrossarækt og önnur málefni á áhugasviði hestamanna.
6. Að stuðla að öflugum æskulýðsstarfi.
7. Að birta árlega skýrslu um helstu störf á vegum félagsins, þar verði m.a. greint frá úrslitum úr mótahaldi félagsins.
8. Að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna á málum sem varða sameiginlega hagsmuni þeirra svo sem skipulags-, landnýtingar- og umferðarmálum, m.a. gagnvart ríkisvaldi og sveitarfélögum.

3. gr.

Félagar geta allir orðið sem þess óska og hafa áhuga á hestum og eru reiðubúnir til að hlíta lögum og reglum félagsins. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda stjórn þess sem tekur afstöðu til hennar. Í umsókn skal greina nafn, kennitölu, heimilisfang og netfang umsækjanda. Öðlast umsækjandi full félagsréttindi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt umsóknina og þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald yfirstandandi starfsárs.

4.gr.

Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald sem skal greiða fyrir 1. maí ár hvert. Félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ber félagið eitt ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til í nafni þess. Félagar 67 ára og eldri, heiðursfélagar og þeir sem eru yngri en 18

ára greiða ekki félagsgjald.

5.gr.

Félagar sem ekki standa skil á félagsgjöldum sínum fyrir tilsettan tíma tapa réttindum sínum hjá félaginu þar til skuldin er greidd. Viðkomandi getur ekki öðlast félagsréttindi á ný nema eldri skuld sé greidd. Brjóti félagi alvarlega af sér gegn lögum og reglum félagsins, er stjórn þess heimilt að víkja honum úr félaginu. Brottviknum félaga er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

Gjalddagi félagsgjalda er 15. apríl og eindagi 1. maí. Hafi félagsgjald ekki verið greitt á eindaga missir félagsmaður öll félagsleg réttindi. Sé félagsgjald ógreitt um áramót fellur viðkomandi sjálfkrafa af félagskrá.

6.gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn: formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi; varamenn stjórnar skulu vera tveir. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs ; kosningin fer fram á aðalfundi, er skrifleg og óbundin. Verði stjórnarmaður kosinn formaður skal kjósa annan í hans stað til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn tvo skoðunarmenn og tvo til vara til að yfirfara reikninga félagsins. Skoðunarmenn þurfa ekki að vera félagar í Hestamannafélaginu Skagfirðingi.

7.gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir. Skylt er að boða fund ef þrjú stjórnarmanna óska þess. Ritari gegnir ritarastörfum og heldur gerðabók. Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum félagsins. Við innheimtu félagsgjalda er gjaldkera heimilt að ráða sér til aðstoðar aðra félagsmenn, enda beri hann ábyrgð á því. Að öðru leyti ákveður stjórn hverju sinni um skiptingu verkefna milli stjórnarmanna.

8.gr.

Stjórn félagsins ber að varðveita öll skjöl og gögn er geyma heimildir um störf félagsins, svo sem félagaskrá, bókhaldsgögn og bréf. Einnig ber að halda skrá yfir öll hross sem sýnd eru á mótum félagsins eða keppa á kappreiðum þess.

9.gr.

Stjórn félagsins boðar félagsfund eins oft og þurfa þykir. Stjórn félagsins skal boða fundi með minnst þriggja daga fyrirvara með auglýsingu á vefsíðu félagsins, í dagblöðum og/eða útvarpi eða með bréflægri tilkynningu. Sama er, ef minnst 10% félagsmanna æskja þess skriflega til stjórnar og tilgreina fundarefni. Sá fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og minnst 10% lögmætra félagsmanna sitja hann. Einfaldur meirihluti skal ráða úrslitum allra mála á fundum félagsins nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Formaður eða staðgengill hans setur fundi og lætur kjósa fundarstjóra og ritara í byrjun fundarins. Hinn kjörni fundarstjóri skal byrja á því að leggja fyrir fundinn hvort löglega hafi verið til hans boðað og hvort hann sé lögmætur. Sé fundur ekki lögmætur, má boða til hans að nýju á venjulegan hátt og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hversu margir eru mættir. Félagar yngri en 18 ára hafa ekki kosningarétt eða kjörgengi.

10.gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda fyrir 1. mars ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum 9. gr. en þó með minnst viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður leggur fram og kynnir skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Gjaldkeri kynnir reikninga félagsins ásamt skýrslu skoðunarmanna og leggur reikninga fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um það hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
6. Lagabreytingar, skv. 19. gr.
7. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr.
9. Kosning í nefndir skv. 16. gr.
10. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og þóknun skoðunarmanna eftir því sem við á.
11. Ákvörðun félagsgjalds.
12. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram.
13. Önnur mál, sem félagið varðar.

11.gr.

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

12.gr.

Stjórn félagsins er heimilt að veita þeim félagsmönnum viðurkenningu, sem hafa í störfum sínum fyrir félagið sýnt framúrskarandi dugnað og hollustu og skal sú viðurkenning fara fram á aðalfundi félagsins.

13.gr.

Stjórn félagsins er heimilt að bera fram tillögu á aðalfundi um kjör heiðursfélaga. Heiðursfélagar geta þeir einir orðið, sem sýnt hafa frábæran áhuga og dugnað í störfum sínum fyrir félagið. Merki félagsins í gulli skal fylgja útnefningunni.

14.gr.

Reglur um kappreiðar og aðrar hestaþróttakeppnir skulu vera samkvæmt samþykktum Landsambands hestamanna (L.H.)

15.gr.

Heimilt er félaginu að vera aðili að almennum samtökum hestamannafélaga í landinu. Félagið er aðili að UMSS, Landsambandi hestamannafélaga, Í.S.Í. og UMFÍ. Formaður félagsins er

sjálfkjörinn á ársþing á UMSS. og L.H. þing. Aðrir fulltrúar félagsins á UMSS. og L.H. þing skulu skipaðir af stjórn félagsins.

16.gr.

Stjórn félagsins skal stofna nefndir innan þess og skulu þær bundnar af lögum félagsins og starfslýsingum sem stjórn setur á hverjum tíma. Nefndir sem hafa fjármuni undir höndum skulu gera skil til stjórnar strax að loknum störfum. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga án samþykkis stjórnar félagsins.

17.gr.

Stjórn félagsins er óheimilt að selja fasteignir þess, kaupa fasteignir eða hefja byggingu þeirra nema samþykki lögmaets félagsfundar komi til. Ef stjórn hyggst leita samþykkis fundar fyrir slíkri ráðstöfun, skal geta þess í fundarboði. Heimildir samkvæmt grein þessari skal nota innan tveggja ára frá því þær eru veittar.

18.gr.

Stjórn félagsins setur reglur um rekstur eigna félagsins svo og um aðra starfsemi þess jafnóðum og eignir verða til.

19.gr.

Samþykktum félagsins verður ekki breytt, nema á aðalfundi, þar sem mættur er minnst 10% hluti lögmaetra félagsmanna, og 2/3 hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna. Mæti of fáir, skal boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillögur til lagabreytinga gildi ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja þær, án tillits til fundarsóknar. Lagabreytingar, sem félagar kunna að vilja bera fram, skulu berast stjórninni fyrir lok janúar ár hvert og skal tryggja að þær séu aðgengilegar félagsmönnum og þeirra getið í fundarboði.

20.gr.

Ef slíta skal félaginu, verður það einungis gert á fundi, þar sem mættir eru minnst 3/4 hlutar félagsmanna, og verður það aðeins gert, að 2/3 hlutar fundarmanna greiði því atkvæði. Að öðrum kosti skal boða til nýs fundar og verður þá félaginu slitið á löglegan hátt ef 2/3 hlutar fundarmanna greiða því atkvæði, án tillit til þess, hve margir eru mættir á fundinum.

Verði félaginu þannig slitið, skulu eignir þess afhentar sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar til vörslu, þar til nýtt félag sem starfar á félagssvæðinu í þágu ófjárhagslegs tilgangs og að svipuðum markmiðum og félagið hafði, sbr. 2. gr. verður stofnað. Skulu eignirnar þá afhentar því félagi til eignar, enda hafi sveitarstjórn áður metið að hið nýja félag búi yfir getu til að takast á hendur slíkan rekstur.